

130. fundur stjórnar.

Haldinn 11.mars 2026 Teamsfundur kl. 17:00

Mættir voru úr stjórn Spítalans okkar: Þorkell Sigurlaugsson formaður, Gunnlaug Ottesen, Áslaug Eva Björnsdóttir og Berglind Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð

1. Dagskrá viðburðar og kynning

Dagskrá fyrir komandi viðburð er tilbúin. Næsta verkefni stjórnar er að vinna að kynningu viðburðarins.

Rætt var að ekki væri nægjanlegt að birta einungis stöðufærslu á Facebook og að huga þurfi að fleiri leiðum til að ná til áhugasamra þátttakenda. Þorkell hefur samband við Morgunblaðið vegna auglýsingar.

2. Aðgangur að Facebook-síðu félagsins

Formaður hefur ekki aðgang að Facebook-síðu félagsins.

Ákveðið var að hafa samband við fyrrverandi formann til að fá heimild fyrir aðgangi fyrir formann og aðra stjórnarmenn, Gunnlaug tekur þetta að sér.

3. Veitingar

Veitingar verða keyptar frá Eriksdóttur.

Áætlaður kostnaður er um 1.500 kr. á mann. Salurinn rúmar 40–50 manns, en ekki liggur fyrir hversu margir munu mæta.

4. Skráning þátttakenda

Rætt var að setja upp skráningu á Luma til að fá betri vísbendingar um fjölda þátttakenda.

Formaður hefur aðgang að kerfinu og mun heimila fleiri stjórnarmönnum aðgang. Áslaug, Gunnlaug og Berglind komnar með aðgang og mun Áslaug setja inn „atburð“ eftir að Þorkell hefur sent henni póstlista. Talið var líklegt að viðburðurinn gæti verið vel sóttur, þar sem þetta er að því er best er vitað í fyrsta sinn sem Sigurður frá Stafrænni heilsu heldur erindi um nýja starfsemi.

5. Staðsetning, tæknimál og undirbúningur

Viðburðurinn verður haldinn í Fenjamýri.

Ákveðið var að mæta tímanlega til að yfirfara tæknibúnað og tryggja að allt sé tilbúið áður en dagskrá hefst. Áslaug boðar aðila með erindi á undirbúningsfund og einnig stjórnarmönnum.

6. Aðalfundur- Nýir aðilar í stjórn

Rætt var um að fjölga í stjórn félagsins.

Áslaug hefur auglýst eftir áhugasömum aðilum og hefur einn aðili þegar haft samband og lýst yfir áhuga á þátttöku í starfi stjórnar.

Fundi slitið kl. 18:00.